

Tillögur varðandi praktísk atriði

Tilhögun verkefna og fyrirkomulag:

Um er að ræða sumarverkefni í því skyni að rjúfa einangrun og valdefla einstaklinga í sjálfstæðri búsetu og vinna um leið að umhverfismálum í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög og/eða Umhverfisstofnun. Fundað hefur verið með forsvarsmönnum velferðarmála í Reykjavík, Reykjanesbæ, Hafnarfirði og við yfirmann sjálfböðaverkefna hjá Umhverfisstofnun og hafa allir lýst yfir áhuga á að skoða þetta frekar.

Ef öll ofangreind sveitarfélög taka þátt leggur ViVe til að einn sjálfböðahópur starfi á hverjum tíma í hverju sveitarfélaganna þriggja allt að 12 einstaklingar í senn í 6 hópum, sem hver tekur við af öðrum, út sumarið.

Hóparnir taki til starfa 1. júní 2017 og starfi til loka ágúst. Þeir samanstandi á hverjum tíma annars vegar af 8-10 skammtímasjálfböðaliðum í tvær vikur hver hópur og hins vegar allt að 6 langtímasjálfböðaliðum sem eru í verkefnunum allt sumarið. Langtímasjálfböðaliðar fái sérstaka þjálfun og leiði daglegt starf hópanna, verði skammtímasjálfböðaliðum til stuðnings í nánú samstarfi við ViVe og eftir atvikum við einn mentor sem hvert sveitarfélag útvegar sem tengilið.

Hver sjálfböðaliði starfi að jafnaði 7 tíma á dag alla virka daga en eigi frí um helgar. Sá tími sem varið er með einstaklingum í samveru og jákvæðum samskiptum sé allajafna að lágmarki 2 stundir á dag, að morgni og seinnipart dags, en að öðru leyti sveigjanlegur á móti þeim tíma sem varið er til umhverfisverkefna. Ef umhverfisverkefni kallar á heilsdagsvinnu komi til aukin félagsleg þátttaka með einstaklingi þar á móti annan dag. Til greina kemur að hluti af því að rjúfa einangrun einstaklings felist í því að einstaklingurinn taki þátt í umhverfisverkefni með sjálfböðaliðum ef áhugi, færni og heilsa leyfa.

Nánar um hlutverk ViVe:

ViVe ábyrgist sjálfböðaliðanna, annast umsýslu, ferðir og flutninga innanlands, þjálfun sem og tryggingar. ViVe auglýsir eftir þátttakendum í samstarfi við alþjóðleg fagsamtök um útvegum sjálfböðaliða og gætir þess að einungis komi til sjálfböðastarfa einstaklingar sem hafa tilskilinn bakgrunn, reynslu og áhuga á viðfangsefnum.

Tveir starfsmenn ViVe annast verkefnið allan tímann og eru í nánú sambandi við tengilið hvers sveitarfélags (mentor) og langtímasjálfböðaliðanna. ViVe biður öllum sjálfböðaliðum upp á ferðir um Ísland í frítíma sjálfböðaliða gegn hóflegu gjaldi.

Skammtímasjálfböðaliðar greiði skráningargjald að upphæð um 350 evrur sem að mestu leyti renni til ViVe en einnig til alþjóðlegra samtaka sem sérhæfi sig í að útvega sjálfböðaliða erlendis frá. Langtímasjálfböðaliðar komi með stuðningi Evrópu unga fólksins styrktir af Evrópusambandinu. Sjálfböðaliðar greiða sjálfir sitt flug til og frá Íslandi en ViVe annast þá frá því að þeir lenda á Keflavíkurflugvelli.

Nánar um hlutverk sveitarfélags:

Hvert sveitarfélag útvegar húsnæði í samvinnu við ViVe. Annars vegar getur verið um að ræða íbúð sem hentar allt að 12 sjálfböðaliðum eða að sjálfböðaliðar gisti hverju sinni hjá þeim einstaklingum sem unnið er með. Þá þarf að vera til staðar sérherbergi fyrir sjálfböðaliðann. Sveitarfélagið greiðir fæðupeninga til ViVe í samræmi við framfærsluviðmið félagsmálaráðuneytisins sem nemur nú 36.331kr fyrir einstakling per mánuð. Ofan á það leggist 10% umsýslugjald en ViVe sjái um og beri ábyrgð á útteilingu matarpeninganna til sjálfböðaliðanna.

Miðað við 9 skammtímasjálfböðaliða að meðaltali í hverjum hópi og tvo langtímasjálfböðaliða (samtals 11 í hvert sinn) væri beinn kostnaður hvers sveitarfélags á mánuði 359.677 krónur. ViVe sér um matarkostnað langtímasjálfböðaliða. Ef ekki er um að ræða heimagingu sjálfböðaliða bætist húsnæðiskostnaður sveitarfélags við.

Hvert sveitarfélag útvegar einn mentor sem tekur þátt í þjálfun sjálfböðaliða fyrsta daginn eftir komu þeirra til landsins eða hluta hvers mánudags á tveggja vikna fresti. Mentorinn er í sambandi við langtímasjálfböðaliða þegar upp koma spurningar, varðandi verkefnið og sem varða samveru og samskipti við félagslega einangraða einstaklinga og í samstarfi við starfsmenn ViVe.

Ef áhugi er fyrir því að fara af stað næsta sumar, eins og vonir okkar standa til, væri gott að samkomulagsdrög við viðkomandi sveitarfélög lægu fyrir sem allra fyrst þar sem auglýsa þarf verkefnið eigi síðar en í byrjun febrúar 2017.

f.h ViVe,
Sigursteinn Mátsson
Sími: 863 8361